

Líkkistusmiðurinn¹

Lítum við eigi líkkistur hvern dag,
silfurhærur sölnandi jarðar?

Derzhavin²

Síðustu þjónkum líkkistusmiðsins Adríans Prokhorov var kastað Supp á líkvagninn og horaðar bikkjurnar lötruðu af stað í fjórða sinn frá Basmannaja-götu í átt að Níkítskaja-götu³, þangað sem líkkistusmiðurinn hafði flutt ásamt sínu heimafólki. Þegar hann hafði læst verkstæðinu festi hann auglýsingu á hliðið þess efnis að húsið væri til sölu eða leigu og lagði af stað fótgangandi til síns nýja heimilis. Þegar hann nálgadist litla gula húsið sem hafði svo lengi átt hug hans allan og hann loksins keypt fyrir dágóða upphæð, fann gamli líkkistusmiðurinn sér til undrunar að hann gladdist ekki í hjarta sínu. Þegar hann steig yfir ókunnan þröskuldinn og sá óreiðuna í nýju híbýlunum, andvarpaði hann af söknuði yfir hrörlega hreysinu þar sem í átján ár hafði ríkt hin strangasta reglusemi. Hann skammaði dætur sínar tvær og vinnukonuna fyrir seinaganginn og fór svo sjálfur að hjálpa til. Brátt var komin regla á hlutina: skápurinn með helgimyndunum, skápurinn með leirtaunu, borðið, dívaninn og rúmið voru komin á sinn stað í bakherberginu;

¹ „Гробовщик“. Þýðingin er gerð eftir texta sögunnar í: А. С. Пушкин, *Полное собрание сочинений в десяти томах*, þriðja útg., Moskva: Наука, 1964, 6. bindi, bls. 119–128.

² Úr ljóðinu „Водопад“, 1794, eftir ljóðskáldið Derzhavin (1743–1816). Derzhavin var eitt fremsta ljóðskáld Rússa fyrir daga Púshkíns. Neðanmálsskýringar eru að mestu byggðar á skýringum í: А. С. Пушкин, *Повести покойного Ивана Петровича Белкина*. A. S. Pushkin, *Tales of the late Ivan Petrovich Belkin*, ritstjóri og höfundur inngangs, eftirmála, skýringa og orðabókar, Norman Henley, Letchworth, Hertfordshire: Bradda Books Ltd., 1965, bls. 114–116; А. С. Пушкин, *Полное собрание сочинений в десяти томах*, bls. 761–762; A. S. Pushkin, *Tales of the late Ivan Petrovich Belkin. Повести покойного Ивана Петровича Белкина*, ritstj. В. О. Unbegaun, Oxford: Basil Blackwell, 1960, bls. 45–56. Allar neðanmálsgreinar hédan í frá eru athugasemdir þýðanda.

³ Í Moskvu þessa tíma voru þessar tvær götur hvor í sínum enda borgarinnar.

í eldhúsinu og í borðstofunni hafði smíðisgripum húsbóndans verið komið fyrir: líkkistum í ýmsum litum og af öllum stærðum og skápum með sorgarhöttum, kuflum og kyndlum. Yfir hliðinu hékk spjald með mynd af bústnum Amor með öfugan kyndil í hendi og áletruninni: „Hér eru seldar og smíðaðar líkkistur, ómálaðar og málaðar, einnig er hægt að fá kistur leigðar og láta gera við gamlar.“ Systurnar fóru inn í sitt herbergi, Adrián gekk um húsið sitt, settist við gluggann og lét kveikja upp í samóvarnum.

Hinn upplýsti lesandi veit að Shakespeare og Walter Scott létu grafara sína vera lífsglaða og spaugsama menn svo að mótsögnin yrði enn skýrari í hugum okkar. Af virðingu fyrir sannleikanum getum við ekki fylgt fordæmi þeirra og verðum að viðurkenna að lundarfar líkkistusmiðsins okkar var í fullu samræmi við drungalegt starf hans. Adrián Prokhorov var að upplagi þungur í skapi og þegi-andalegur. Hann rauf þögnina einungis til að snupra dætur sínar þegar hann stóð þær að því að sitja með hendur í skauti og góna á vegfarendur út um gluggann eða til að okra á þeim sem voru svo ógæfusamir (en þó stundum ánægðir) að þurfa á þjónustu hans að halda. En, sem sagt, þar sem Adrián sat við gluggann og var að drekka sjöunda tebollann, var hann að venju niðursokkinn í dapurlegar vangaveltur. Hann var að hugsa um líkfylgd fyrrverandi yfirofursta nokkurs sem lenti í hellirigningu þegar hún var stödd við sjálft borgarhliðið, fyrir um rétttri viku. Margir kuflar höfðu hlaupið og margir hattar farið úr lagi. Hann sá fram á óumflýjanleg útgjöld þar eð birgðir hans af útfararklæðnaði voru komnar til ára sinna og orðnar lélegar. Hann vonaðist til að geta unnið upp tapið á gömlu kaupmannsekkjunni Trjúkhínu sem var búin að vera á grafarbakkanum í heilt ár. En Trjúkhína lá fyrir dauðanum á Razgúlaj⁴ og Prokhorov óttaðist að erfingjarnir myndu ekki, þrátt fyrir gefin loforð, nenna að hafa fyrir því að senda eftir honum alla þessa leið heldur skipta í stað þess við næsta útfararstjóra.

Þrjú óvænt frímúrarahögg á dyrnar vöktu hann upp úr þessum hugleiðingum.

– Hver er þar? spurði líkkistusmiðurinn.

⁴ Razgúlaj-torg er í talsverðri fjarlægð frá Níkítskaja-götu, þar sem söguhetjan er búsett þegar þarna er komið, en er nærri fyrri hóbýlum hennar.

Dyrnar opnuðust og maður sem strax mátti sjá að var þýskur handverksmaður kom inn og gekk til líkkistusmiðsins glaðlegur á svíp.

– Afsakið, kæri nágranni, sagði hann á þessari rússnesku mál- lýsku sem við enn í dag megum ekki heyra án þess að fara að hlæja, – afsakið að ég skuli trufla yður ... mig langaði bara til að heilsa upp á yður sem fyrst. Ég er skósmiður og heiti Gottlieb Schultz og bý hérna hinum megin við götuna í húsinu sem er beint á móti gluggunum yðar. Á morgun ætla ég að halda upp á silfurbrúðkaupið mitt og mig langaði að bjóða yður og dætrum yðar að koma og borða með okkur, svona upp á kunningsskapinn.

Boðinu var vinsamlega tekið. Líkkistusmiðurinn bauð skósmiðnum að setjast og fá sér tebolla, og þar sem Gottlieb Schultz var hispurslaus að eðlisfari voru þeir brátt farnir að rabba saman eins og mestu mátar.

– Hvernig ganga viðskiptin, yðar náð? spurði Adrían.

– E-he-he, svaraði Schultz, – bara svona upp og niður. Ég get svo sem ekki kvartað. En auðvitað er mín vara annars eðlis en þín: lifandi maður kemst af án stígvéla en dauður maður getur ekki lifað án líkkistu.

– Rétt er það, sagði Adrían, – og þó, ef lifandi maður á ekki fyrir stígvélum þá, þér afsakið, gengur hann um berfættur en lík betlarans fær sína kistu ókeypis. Þannig hélt samtalið áfram nokkra stund; að lokum stóð skósmiðurinn upp og kvaddi líkkistusmiðinn um leið og hann ítrekaði heimboðið.

Daginn eftir, á slaginu tólf, gengu líkkistusmiðurinn og dætur hans út um hliðið við nýja húsið sitt og héldu af stað til nágrannans. Ég ætla hvorki að lýsa rússnesku kápunni sem Adrían Prokhorov klæddist né evrópskum klæðnaði Akúlínu og Dörju, og vík í því frá þeim vana sem skáldsagnahöfundar nú til dags hafa tamið sér. Þó tel ég engu ofgert í því að geta þess að stúlkurnar voru báðar með gula hatta og í rauðum skóm sem þær klæddust aðeins við hátíðleg tækifæri.

Þröng íbúð skósmiðsins var full af gestum sem flestir voru þýskir handverksmenn ásamt konum sínum og lærlingum. Úr stétt rússneskra embættismanna var aðeins einn varðmaður, Finninn Júrko, sem þrátt fyrir að vera lágt settur hafði öðlast sérstaka hylli

húsráðandans. Í tuttugu og fimm ár hafði hann gegnt stöðu sinni af trúfestu og tryggð líkt og bréfberi Pogorelskís.⁵ Bruninn 1812 lagði höfuðborgina fornu í rúst og þar með talið gula varðskýlið hans Júrko. En um leið og óvininum hafði verið stökkt á flótta var reist nýtt varðskýli þar sem hið gamla hafði verið, gráleitt með hvítum súlum í dórískum stíl og Júrko fór að þramma þar fram og aftur á ný með *stríðsöxi og í grófum serk*.⁶ Hann þekkti flesta Þjóðverjana sem bjuggu nærri Níkítskí-hliðinu⁷; það kom meira að segja fyrir að einhverjir þeirra þurftu að gista hjá honum frá sunnudegi og fram á mánudag. Adrían kynnti sig strax fyrir honum því það var aldrei að vita hvenær hann gæti þurft á aðstoð hans að halda og sátu þeir saman þegar gestirnir voru sestir að borðum. Herra og frú Schultz og sautján ára dóttir þeirra Lotchen, sem borðaði með gestunum, báðu gestina að gjöra svo vel og hjálpuðu eldabuskunni að ganga um beina. Ölið rann í stríðum straumum. Júrko át á við fjóra, Adrían gaf honum ekkert eftir; dæturnar voru settlegri. Samræðurnar, sem fóru fram á þýsku, urðu smám saman háværi. Allt í einu bað húsráðandinn um orðið, dró tappa úr tjargaðri flösku og sagði hátt á rússnesku:

– Skál fyrir minni kæru Lúísu!

Kampavínið freyddi. Húsbóndinn kyssti sinn fertuga lífsförunaut blíðlega á frísklegan vangann og gestirnir drukku háværir skál hinnar góðu Lúísu.

– Skál fyrir mínum ágætu gestum! tilkynnti húsbóndinn og dró tappann úr nýrri flösku, gestirnir þökkuðu honum fyrir með því að tæma glösin á ný. Og nú tók hver skálin við af annarri. Skálað var fyrir hverjum gesti fyrir sig, skálað var fyrir Moskvu og fullri tylft þýskra bæja, skálað var fyrir öllum iðnaðarmannafélögunum svona almennt og svo sérstaklega fyrir hverju og einu þeirra, það var skálað fyrir meisturum og lærlingum. Adrían dró ekki af sér við drykkjuna og var orðinn svo kátur að hann stakk meira að segja

⁵ Hér er vísað til sögunnar „Лафертовская маковница“, 1824, eftir Pogorelskí (dulnefni A. A. Perovskís, 1787–1836).

⁶ Tilvitnun í ljóðið „Дура Похомовна“ eftir A. E. Ízmajlov (1779–1831).

⁷ Áður fyrr var þarna eitt af borgarhliðum Moskvu. Á þessum tíma voru hinir fornu borgarveggir horfnir og heitið vísar því einungis til þess staðar sem telst vera upphaf Níkítskaja-götunnar.

sjálfur upp á einhverri spaugilegri skál. Skyndilega hóf einn gestanna, feitur bakari, glas sitt á loft og hrópaði:

– Skál fyrir þeim sem við þjónustum, unserer Kundleute!⁸

Þessari tillögu, líkt og öllum öðrum, var tekið með fagnaðarlátum og einum rómi. Gestirnir fóru að hneigja sig hver fyrir öðrum, klæðskerinn fyrir skósmiðnum, skósmiðurinn fyrir klæðskeranum, bakarinn fyrir þeim báðum, allir fyrir bakaranum og svo framvegis. Á meðan þessar hneigingar stóðu sem hæst sneri Júrko sér að sessunaut sínum og hrópaði:

– Nú, jæja! Drekktu, vinur minn, drekktu nú skál þinna dauðu vína.

Allir fóru að hlæja en líkkistusmiðurinn móðgaðist og varð þungur á brún. Enginn veitti því athygli, gestirnir héldu áfram að drekka og búið var að hringja til kvöldbæna þegar þeir stóðu upp frá borðum.

Gestirnir fóru seint heim og voru flestir vel við skál. Feiti bakarinn og bókbindarinn, sem var í framan eins og andlit hans væri bundið inn í rauða litskinnskápu,⁹ leiddu Júrko í skýlið sitt og höfðu þar í heiðri rússneska máltækið: Greiði kemur greiða á móti. Líkkistusmiðurinn kom heim drukkin og í hinu versta skapi.

– Hvað á þetta eiginlega að þýða, sagði hann upphátt, – er mín iðn kannski ekki jafn ærleg og hver önnur? Er líkkistusmiðurinn kannski bróðir böðulsins? Að hverju eru þessir heiðingjar að hlæja? Er líkkistusmiðurinn kannski einhver trúður á jólaskeppun? Mig langaði til að bjóða þeim í innflutningsteiti, halda þeim ærlega veislu. En það skal ekki verða! Ég ætla heldur að bjóða þeim sem ég þjónusta: rétttrúuðu dónu fólki.

– Hvað er að heyra þetta, góði minn? sagði vinnukonan, sem var að draga af honum stígvélin, – hvað ertu að segja? Biddu guð fyrir þér! Bjóða framliðnum í innflutningsteiti! Þvílíkur hryllingur!

– Jú, ég skal sko bjóða þeim, hélt Adrían áfram, – og það strax á morgun. Verið velkomnir, allir mínir velgjörðarmenn, í veislu hingað annað kvöld; ég mun láta bera á borð það sem Guð hefur gefið mér.

⁸ „Viðskiptavinum okkar“ (þýska).

⁹ Lína fengin að láni, dálítið breytt, úr gamanleiknum *Хвастун*, 1786, eftir Ja. Knjazhnín.

Með þessum orðum fór líkkistusmiðurinn í rúmið og var farinn að hrjóta innan skamms.

Það var enn dimmt í húsagarðinum þegar Adrían var vakinn. Kaupmannsekkjan Trjúkhína hafði gefið upp öndina þá um nóttina og ráðsmaður hennar sendi hraðboða ríðandi til Adríans með fréttirnar. Líkkistusmiðurinn lét hann hafa tíu kópeka fyrir vodka, klæddi sig í flýti, fékk sér leiguvagn og hélt af stað til Razgúlaj. Lögreglan var þegar mætt við hliðið og kaupmenn stikuðu þar fram og aftur eins og hrafnar sem finna þef af hræi ... Hin látna lá á borðinu, gul eins og vax en var enn ekki farin að rotna. Í kringum hana tróðust ættingjar, nágrennar og heimafólk. Allir gluggar stóðu opnir, kveikt hafði verið á kertum og prestar lásu bænir. Adrían sneri sér til frænda Trjúkhínu, sem var ungur kaupmaður í nýmóðins frakka, og tilkynnti honum að líkkistuna, kertin, slæður og annað sem þyrfti til útfararinnar fengi hann afhent nú þegar og allt í góðu ásigkomulagi. Erfinginn þakkaði honum fyrir annars hugar og sagðist ekki myndu prúttu um verðið heldur treysta á heiðarleika hans. Líkkistusmiðurinn sór og sárt við lagði, eins og hann var vanur, að hann setti ekki meira upp en nauðsyn krefði, skiptist á merkingarþrungnum augnagotum við ráðsmanninn og fór að koma hlutunum í kring. Allan daginn var hann á þönum á milli Razgúlaj og Níkítskí-hliðsins; um kvöldið var allt klappað og klárt og hann lagði fótgangandi af stað heim á leið þar eð hann hafði látið leiguvagninn fara. Nóttin var tunglskinsbjört. Líkkistusmiðurinn komst slysalaust að Níkítskí-hliðinu. Við Upprisukirkjuna kallaði kunningi okkar Júrko til hans, sá hafði borið kennsl á hann og bauð honum góða nótt. Það var langt liðið á kvöldið. Líkkistusmiðurinn var kominn heim að húsinu sínu þegar honum fannst allt í einu eins og einhver kæmi að girðingunni, opnaði hliðið og færi í felur á bak við það.

– Hvað er nú á seyði? hugsaði Adrían. – Hver gæti átt erindi við mig núna? Eða, getur kannski verið að þetta sé þjófur sem ætlar brjótast inn? Stelpubjánarnir eru þó ekki farnar að fá til sín elskhuga? Ja, það vantaði nú bara!

Og líkkistusmiðurinn var að því kominn að kalla til vinar síns Júrko eftir hjálp. Á því augnabliki kom enn einhver að hliðinu og gerði sig líklegan til að fara inn um það en þegar hann sá húsráð-

andann koma æðandi á móti sér, stansaði hann og tók niður þríhyrndan hattinn. Adrían fannst andlit hans kunnuglegt en í flýtinum náði hann ekki að virða það almennilega fyrir sér.

– Eruð þér á leiðinni til mín? sagði Adrían móður, – gangið inn fyrir, gjörið þér svo vel.

– Það er óþarfi að vera með látalæti, kæri vinur, svaraði hinn hljómlausri röddu, – far þú á undan og vísaðu gestunum veginn!

Adrían hafði engan tíma til að vera með látalæti. Hliðið var opið, hann fór upp tröppurnar og hinn á eftir honum. Adrían sá ekki betur en að það væri fólk í íbúðinni. „Hvaða djöfulskapur er þetta?“ hugsaði hann og hraðaði sér inn ... Hann riðaði á fótunum. Herbergið var fullt af dánu fólki. Máninn skein inn um gluggann og lýsti upp gul og blá andlit þeirra, innfallna munnana, myrkvuð og háflukt augun og hol nefin ... Adrían sá sér til skelfingar að þarna var komið fólk sem hafði notið hinstu þjónustu hans og að gesturinn sem hafði komið inn með honum var yfirofurstinn sem hafði verið jarðaður í rigningunni miklu á dögnum. Allir, konur og karlar, umkringdu líkkistusmiðinn, með hneigingum og kveðjum, nema einn fátæklingur sem hafði ekki alls fyrir löngu fengið ókeypis jarðarför. Hann var feiminn og blygðaðist sín fyrir tötrana og kom þess vegna ekki að borðinu heldur stóð auðmjúkur úti í horni. Hinir voru allir sómasamlega klæddir: látnar frúr með hettur og borða, dánir embættismenn í einkennisbúningum en með ósnyrt skegg, kaupmenn í sparifrökkum.

– Sjáðu bara Prokhorov, sagði yfirofurstinn fyrir hönd safnaðarins, – öll risum við upp til að þiggja boð þitt; einungis þeir sem ekki eru lengur færir um að hreyfa sig sátu eftir heima, þeir sem eru alveg dottnir í sundur og eru ekki annað en beinin ber, en hér er þó einn sem stóðst ekki mátið, hann langaði svo til að koma til þín ...

Á því augnabliki ruddi sér leið gegnum þvöguna lítil beinagrind og gekk til Adríans. Höfuðkúpan brosti blítt við líkkistusmiðnum. Tætlur af ljósgrænu og rauðu ullarefni og snjáðu lérefni héngu utan á beinagrindinni eins og á stöng en leggirnir skröltu um í stórum reiðstígvélum eins og stautar í mortéli.

– Þekkir þú mig ekki, Prokhorov? sagði beinagrindin. – Manstu ekki eftir fyrrverandi liðsforingja varðliðsins, Pjotr Petrovítsj Kúríl-

kín, þeim sem þú seldir þína fyrstu líkkistu árið 1799, og lést reyndar hafa ösp fyrir eik?

Að þessum orðum sögðum breiddi beinagrindin út beinaberan faðminn, en Adrían tók á öllu sem hann átti, rak upp óp og hrinti honum frá sér. Þjotr Petrovítsj riðaði, datt um koll og hrundi í sundur. Meðal hinna látnu heyrðist óánægjukurr; allir vildu þeir verja heiður félaga síns og veittust að Adrían með skömmum og hótunum og vesalings húsráðandinn, sem ætlaði að ærast af hrópunum og náði varla andanum, vissi ekki lengur af sér, féll sjálfur á beinahrúgu fyrrverandi liðsforingja varðliðsins og missti meðvitund.

Sólin hafði skinið góða stund á rúmið þar sem líkkistusmiðurinn lá. Að lokum opnaði hann augun og sá hvar vinnukonan var að kveikja upp í samóvarnum. Með skelfingu rifjaði Adrían upp viðburði gærdagsins og næturinnar. Hann mundi óljóst eftir Trjúkhínu, yfirofurstanum og liðsforingjanum Kúrilkín. Hann þagði og beið eftir því að vinnukonan færi að tala við hann og gerði honum grein fyrir hvaða endi næturævintýrið hefði fengið.

– Jæja, herra Adrían Prokhorovítsj,¹⁰ ertu þá búinn að sofa úr þér? sagði Aksínja og rétti honum sloppinn. – Nágranni þinn, klæðskerinn, leit við og varðmaðurinn okkar kom til að láta vita að það væri nafndagur¹¹ lögregluvarðstjórans í dag en þú steinsvafst og við vildum ekki vekja þig.

– En kom einhver hingað vegna Trjúkhínu sálugu?

– Sálugu? Hvað, er hún dain?

– Heimska kerling! Varstu ekki að hjálpa mér í gær við að taka til það sem þurfti fyrir útförina hennar.

– Hvað er að heyra þetta, herra? Ertu nokkuð að ganga af göflunum eða er áfengisvíman ekki enn runnin af þér? Hvaða útför fór

¹⁰ Í Rússlandi samtímans bera þegnar landsins eiginnafn, föðurnafn og ættarnafn. Lengi vel báru menn aðeins eiginnafn og föðurnafn, eða t.d nafn afa síns, oftast með endingunni „-ov“ (rússn. -ов). Smám saman gerist það, einkum í efri stéttum, að þetta er tekið upp sem nafn ættarinnar og föðurnafn er sett á milli þess og eiginnafnins, með endingunni „-ítsj“ (rússn. – ич). Í upphafi nítjándu aldar báru menn í neðri stéttum (t.d. bændur, handiðnaðarmenn o.fl.) yfirleitt ekki eiginleg ættarnöfn – heldur gegndu föðurnöfnin enn því hlutverki (með viðskeytinu „-ov“). Þess vegna ávarpa herra settir menn söguhetjuna með forminu Prokhorov, en þjónustustúlkan ávarpar húsbónda sinn með föðurnafnsforminu Prokhorovítsj og talar þar með upp til hans umfram efni og ástæður.

¹¹ „Nafndagur“ er dagur þess dýrlings sem einstaklingur er nefndur eftir.

svo sem fram í gær? Þú varst allan daginn hjá Þjóðverjanum, komst drukkinn heim, dast út af og svafst þangað til núna að hringt var til hádegisbæna.

– Er það virkilega? sagði líkkistusmiðurinn og var nú allur hressari.

– Já, ég er nú hrædd um það, svaraði vinnukonan.

– Nú, ef svo er, vertu þá fljót að hita teið og hóaðu svo í stelpurnar mínar.